

AUGLÝSING

um friðlýsingu mannvirkis.

Með vísan til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar hefur settur forsætisráðherra ákveðið að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands að friðlýsa hafnargarð á lóðinni Austurbakka 2 í Reykjavík. Friðlýsingin tekur til hafnargarðs sem stendur í suðurhluta lóðarparts sem Landstólpi þróunarfélag ehf. hefur yfir að ráða og er hluti af stærri lóð sem kallast Austurbakki 2 í Reykjavík. Tekur friðlýsingin til alls mannvirkisins. Á sömu lóð er bólverk sem hlaðið var fyrir aldamótin 1900. Friðlýsing þessi tekur ekki til þeirra minja.

Forsætisráðuneytinu, 6. maí 2016.

F. h. setts forsætisráðherra Sigrúnar Magnúsdóttur,

Sigurður Örn Guðleifsson.

Hildur Jónsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 23. maí 2016